

## 21. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn í Giljaskóla, 13.10.2016.

Mættir:

Finnur Víkingsson formaður, Hafþór Jörundsson og Elín Eyjólfsdóttir.

Forföll boðaði Finnur Aðalbjörnsson og Eva Hlín Dereksdóttir .

Þetta var rætt:

1. Hverfisnefnd kom saman til að ræða niðurstöður frá Akbæ vegna lista sem við sendum 6.október með okkar tillögum fyrir árið 2015 og 2016. Listinn er hér að neðan:

### *Tillögur hverfisnefndar Giljahverfis*

### *Vegna umhverfisstyrks 2015 og 2016*

*Hér að neðan koma þau atriði sem hverfisnefnd leggur til að farið verði í þar sem ekki fæst að setja þetta fjármagn í hreystivöll eins og nefndin vill að gert verði.*

1. *Að nýji stígurinn við Leikvöllinn á milli Fossagils og Vörðugils verði lagður bundnu slitlagi og lýsingu og að hann verði settur inn á snjómokstursáætlun næsta vetur. (úr fundargerð 27. maí 2013)*  
*„Hverfisnefndin óskar eftir því við Bæjarráð/Framkvæmdaráð að teknir verði peningar úr liðnum “Gangstéttar og stígar” fyrir stígum og lýsingu á umræddum leiksvæði á milli F-gila og V-gila. Einnig þurfa þessi stígar að komast á moksturáætlun svo þeir séu nothæfir fyrir börn á leið til skóla.“*
2. *Færa hámarkshraða Merkgils niður í 30 km. Skoða möguleika á að þrengja götuna við gangbrautir eða setja upp hraðahindranir. Einnig er nauðsynlegt að bæta lýsingu á þeim gangbrautum sem fara yfir Merkgil. Þetta er á 4 stöðum sem lýsing er ábótavant.*
3. *Setja hraðahindranir á göngustíga þar sem þeir fara yfir götur. Þetta er hugað þannig að t.d. reiðhjólafólk þurfi að hægja á sér áður en það fer yfir götur. Hugmyndin er járnhlið með ca. meters millibili eins og víða hefur verið sett.*
4. *Fjölga bekkjum við göngustíga, fjölga ruslatunnum á ljósastaurum og einnig við strætóskýli og brettavöll.*
5. *Hugmynd kom um að mála hjólastíga. Þetta var rætt og kom t.d. hugmynd að skipta stignum sem liggur ofan við skólann og nær frá Borgarbraut norðri að Hlíðarbraut í suðri þannig að einn þriðji af honum væru fyrir hjól og með tilheyrandi merkingu. Sama væri æskilegt að gera á stignum sem er neðan Hlíðarbrautar.*
6. *Klára göngustíga í hverfinu, t.d. norðurenda Fannagils og Fornagils og tengja við stíg við Merkgil, tengja suðurenda göngustígs neðan Vættagils við stíg sem kemur frá Huldugili og svo tengja þennan stíg upp í suðurenda Vættagils, Valagils og Vesturgils.*

7. Gera varanlega göngustíga sem nær upp í Norðurorku.

Hér eru þau atriði sem hverfingnefndin leggur til. Við ætlum líka að hafa samband við íþróttaráð varðandi hreystivöllinn og því erum við ekki búin að slá það alveg út af borðinu en þetta er það sem hægt er að gera þangað til það kemst á hreint.

Fyrir hönd Hverfisnefndar Giljahverfis

Finnur Víkingsson

Formaður

2. Við ræddum þessi mál og komumst að þeirri niðurstöðu að fá tilboð í malbikun á stígnum eftir að við fengum kostnaðaráætlun frá bænum þar sem okkur fannst þetta malbik dýru verði keypt. Við gerðum svo nýjar hugmyndir fyrir verkefni í hverfinu eftir að við fengum þessi verð því nú erum við að falla á tíma og komið fram í miðjan október. Hér að neðan er niðurstaðan sem við sendum á Jón Birgi hjá Akbæ þegar hér var komið við sögu:

Sæll Jón Birgir.

Hverfisnefnd Giljahverfis er búin að funda um þetta mál og nú er komin niðurstaða.

Við viljum gera eftirfarandi.

1. Malbika göngustíga á milli F og V gilja. Við erum búin að fá tilboð í malbikun og jöfnun upp á 3750,- m<sup>2</sup> sem gerir 2.531.250 miðað við 675m<sup>2</sup>, en stígurinn er 270m x 2,5m = 675m<sup>2</sup>. Í tölunum ykkar var þetta aðeins hærra eða 2.600.000 en það er miðað við 240m eða 600m<sup>2</sup> og einnig þökurönd og sáning umfram okkar tilboð. Í excel skalinu þínu voru reyndar aðrar tölur og þá aðeins lægri en þú skoðar þetta og við veljum ódýrasta kostinn. Hvað kostar þetta hjá ykkur miðað við 675m<sup>2</sup>.
2. Við ætlum að bæta lýsingu við spark- og brettavöll en þar er ekki næg birta og við viljum velja ljósín sjálf, kaupa þau og setja upp. Þetta er hugsað svona svo hægt sé að nýta betur framlagið okkar. Eins viljum við bæta við rusladalli við parkið.
3. Við ætlum að fjölga leiktækjum á skólalóðinni, vegasalt og rólur. Einnig er vilji til að bjóða leikskólunum í hverfinu fleiri leiktæki ef þörf er á þeim.

Við teljum að fjármagn nefndarinnar dugi fyrir þessu og því viljum við gera allt til að nýta það sem allra best. Nú er bara að byrja að malbika sem allra fyrst það er okkar stóra forgangsmati. Sá sem gerði okkur tilboðið getur byrjað strax.

Það komu hörð viðbrögð og ásakanir frá bæjartæknifræðingi, Helga Má, við þessum pósti sem er of langt mál að tala um hér. Að lokum fengum við þenna póst. *Sæll Finnur. Framkvæmdaráð samþykkti í gær að fara í malbikun á stígum milli F og V gilja og setjum við verkið af stað.*

Eins fengum við leyfi til að óska eftir tilboðum í kastara á spark og parkvellinga. Sú vinna er í gangi og ætlum við að klára þetta fyrir áramót.

Fleira ekki tekið fyrir.

Finnur Víkingsson

fundaritari.